

# LÖGMANNABLAÐIÐ

14. árgangur | desember | 4/2008

Með lögum skal (nýtt) land byggja  
Lögmannafélagið átelur vinnubrögð löggjafans  
Af barristerum og reglubræðrum í London



Lögmannafélag  
Íslands



# Efnisyfirlit

## Fagtengt efni

Fundur í Háskólanum í Reykjavík:  
Með lögum skal (nýtt) land byggja 8

Lögmannafélagið átelur vinnubrögð  
löggjafans 12

Hinn nýi Landsyfirréttur 16

Félagsdómur 70 ára 20

Samráðsfundur LMFÍ með dómsmálaráðuneyti 23

Hjördís Halldórsdóttir:  
Eilífðardeilumál lögmanna og dómara 26

Umsögn laganefndar:  
Veist að þagnarskyldu lögmanna 28

Ný innheimtulög 30

## Fastir pistlar

Borgar Þór Einarsson:  
Frá ritstjórn 4

Lárentsínus Kristjánsson:  
Pistill formanns 15

Eyrún Ingadóttir:  
Fréttir frá félagsdeild 18

## Á léttum nótum

Gunnar Jónsson:  
Jólahugvekja: Fyrirgefning fæst ekki án iðrunar 6

Jólafundur 13

Af Merði lögmanni 19

Þórunn Guðmundsdóttir:  
Af barristerum og reglubræðrum í London 24

Framsækni og framkoma 30

Lögmannafélag Íslands  
Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057  
Netfang: [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is)  
Heimasíða: [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:  
Borgar Þór Einarsson hdl.

BLAÐAMAÐUR:  
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:  
Lárentsínus Kristjánsson hrl. formaður.  
Hjördís Halldórsdóttir hdl.,  
varaformaður.  
Heimir Örn Herbertsson hrl., ritari.  
Jóhannes B. Björnsson hrl., gjaldkeri.  
Hildur Friðleifsdóttir, hdl.,  
meðstjórnandi.

STARFSMENN LMFÍ:  
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.  
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.  
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:  
Úr starfi Lögmannafélags Íslands  
árið 2008.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársaskrift fyrir utanfélagsmenn  
kr. 2000,- + vsk.  
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:  
[ritstjori@lmfi.is](mailto:ritstjori@lmfi.is)

PRENTVINNSLA:  
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:  
Öflun ehf.  
Sími 533 4440.  
ISSN 1670-2689

Óskum lögmönnum og fjölskyldum þeirra  
gleðilegra jóla, árs og friðar

**ERGO**  
L Ö G M E N N ⇒

**GISLASON**  
L A W F I R M

**JÓNATANSSON&CO**  
LÖGFRÆDISTOFA

**JP** L Ö G M E N N

**JURIS**  
ALMENNA  
LÖGFRÆDISTOFAN

**VIRTUS**

**Litla Sprent**

**LOGOS**  
LÖGMANNSÞJÓNUSTA  
SÍÐAN 1907

**dbó** L Ö G M E N N

**OPUS**  
L Ö G M E N N

**FORTIS**  
Lögmannsstofa

**REGULA**  
LÖGMANNSSTOFA

**LN** L Ö G M E N N THORSPLANI

**m** Fyrirtækjaráðgjöf - Lögmannsstofa  
**10 ehf**

**MÁLFLUTNINGSKRIFSTOFAN**

**L** L Ö G M A N N S H L Í Þ  
L Ö G F R Æ Þ I Þ J Ó N U S T A

**LR**  
Lögfræðistofa Reykjavíkur

**Mörkin** lögmannsstofa hf.  
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík  
Sími 414 4100 · Fax 414 4101 · [www.law.is](http://www.law.is)

**CREDITINFO ÍSLAND**  
JURÍSTI AÐYRKÖNN SPILYRKAFI & LÖFNUM



Borgar Þór Einarsson hdl.

## Lögmenn í vörn og sókn

„Sú þróun sem hér er vakin athygli á gæti ógnað réttaröryggi borgaranna og vegið að þeim gildum sem almennt eru viðurkennd í lýðræðissamfélögum.“ Svo farast formanni Lögmannafélags Íslands orð í bréfi sem hann sendi forseta Alþingis í byrjun desembermánaðar þar sem gagnrýnd eru vinnubrögð við setningu laga á síðustu vikum. Engum dylst að þessi varnaðarorð eru sett fram af miklum þunga og í þeim felst ekki aðeins hörð gagnrýni á löggjafarstarfið heldur jafnframt djúpstæð virðing fyrir hlutverki löggjafans í íslenskri stjórnskipan.

Í síðasta tölublaði Lögmannablaðsins sagði formaður Lögmannafélagsins að við þær aðstæður sem nú væru uppi væri áriðandi að halda uppi lögum og reglum í víðasta skilningi þeirra orða. Áréttaði formaðurinn að þar gegndu lögmenn sem fyrr mikilvægu hlutverki og bæru mikla ábyrgð hvort sem er í sókn eða vörn. Stjórn félagsins og formaður þess hefur nú sýnt í verki að þessum orðum verður fylgt eftir í verki af þeirra hálfu. Það er gott til þess að vita forvígismenn íslenskra lögmanna séu jafn meðvitaðir um hlutverk sitt og raun ber vitni.

Vissulega verður að játa stjórnvöldum svigrúm til að grípa til óvenjulegra aðgerða á hörmungartímum með almannahagsmuni að leiðarljósi. Engum vafa er undirorpið að full þörf var á slíkum aðgerðum þegar stjórnvöld stóðu frammi fyrir hruni bankakerfisins. Ákvæði neyðarlaganna 6. október sl. eru og verða

umdeild. Löggjafinn verður að bregðast við gagnrýni sem er til þess fallin að efla á nýjan leik réttarumhverfi á þessu sviði.

Því má aldrei gleyma að virðing fyrir réttindum einstaklingsins og grundvallarreglum réttarríkisins er bæði leið að settu marki og markmið í sjálfu sér. Það er engin auðveld leið að því marki sem við viljum ná og allra síst mega örþrifaráð sem felast í því að víkja frá grundvallarreglum leiða okkur blindgötu.

Aðhald og gagnrýni lögmanna á stjórnarhætti, hvort sem um er að ræða löggjafann eða framkvæmdavaldið, á þessum tímum er ekki einungis mikilvæg til að vernda mikilsverð réttindi borgaranna heldur ekki síður til þess að aðgerðir stjórnvalda nái þeim markmiðum sem að er stefnt. Í þessu felst bæði vörn og sókn, eins og formaður Lögmannafélagsins lýsti í pistli sínum í síðasta tölublaði Lögmannablaðsins.

Undanfarnar vikur hafa verið sögulegar í meira lagi. Harðar skjálftabylgjur frá hruni bankarisanna þriggja í byrjun október skekja nú íslenskt samfélag, hið ytra sem innra. Verulega hefur reynt á þolgæði íslensku þjóðarinnar síðustu vikur en þó er allt eins sennilegt að enn eigi eftir að hvesa áður en við komumst á lygnari sjó. En bölmóður og svartsýni er ekki góð íslenska og miklu skiptir nú að séríslenska bjartsýnin og landlægt æðruleysið fái notið sín til fulls. Þá mun landið rísa á nýjan leik.



# ÉG VIL

FERÐAFÉLAGA SEM ER HÖRKUTÓL



Harðger og traust

## NÝJA LATITUDE LÍNAN SVARAR KALLINU



[WWW.EJS.IS/LATITUDE](http://WWW.EJS.IS/LATITUDE)

[www.ejs.is](http://www.ejs.is) // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // Penninn Eymundsson / Sólvalлагötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafræðingjafélagið Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverzlun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Kjalfell ehf. / Húnaþing 19, Blönduós / 452 4567 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrúkur / 455 4500 // Tengill ehf. / Aðalgötu 24, Sauðárkrúkur / 453 5519 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300



Gunnar Jónsson hrl.

# Fyrirgefning fæst ekki án iðrunar

*Sú þjóð, sem í myrkri gengur,  
sér mikið ljós.*

*Yfir þá sem búa í landi náttmyrkranna  
skín ljós.*

...

*Því að barn er oss fætt,  
sonur er oss gefinn.*

...

*Mikill skal höfðingjadómurinn verða  
og friðurinn engan enda taka  
á háseti Davíðs  
og í ríki hans.*

...

*Sú þjóð sem í myrkri gengur mun sjá mikið ljós.  
Jes. 9.1-7*

Þessi spádómur gamla testamentisins rættist í jólaguðspjallinu. Það er í senn nýtt og eilíft. Vonandi rættist spádómur Jesaja að nýju á Íslandi. Merkilegt hvað lýsingin á vel við. Sannlega búum við í landi náttmyrkranna þennan hluta ársins.

## Hásæti Davíðs

Undanfarin ár virtist mikið ljós stafa frá háseti Davíðs. Það reyndist mýrarljós. Flestir aðrir en arftakinn virðast sammála um að Davíð hafi reynst falsspámaður. Öfugt við Pétur, sem afneitaði Jesú þrisvar áður en haninn gól tvisvar, fæst arftakinn ekki til þess að afneita Davíð þótt hanagalið standi vikum saman. Virðist einu gilda hvað þjóðinni finnst eða hvaða fórnir hún þarf að færa vegna þræslundarinnar. Menn hefðu getað áttað sig á þessu fyrr. Það verður seint sagt að friðurinn hafi engan enda tekið á háseti hins íslenska Davíðs.

## Litla gula hænan

Vonandi nær þjóðin að ganga út úr myrkrinu og sjá mikið ljós. Hátíð ljóss og friðar fer í hönd. Við fögnum fæðingu barnsins í Betlehem. Fæðing barns er sú stórkostlegasta af öllum guðsgjöfum. En fæðing barnsins í Betlehem varð einstök vegna dauða barnsins og upprisu. Upprisan er grundvöllur kristinnar trúar. Barnið fæddist til þess að deyja fyrir okkur. Taka á sig syndir okkar. Það er boðskapur stærstu hátíðar kristinna manna, páskaanna.

Þeir sem fara fyrir þjóðinni virðast ekki vel að sér í páskaboðskapnum. Á það jafnt við um kjörna fulltrúa og embættismenn sem leiðtoga í viðskipta- og bankalífi. Þeir fást ekki einu sinni til þess að gangast við eigin syndum. Þeir eru betur að sér í litlu gulu hænunni, kunna helst að segja „ekki ég“. Eru þó búnir að éta brauðið og annað til. Jafnvel fræin sem nota átti til framtíðaruppskeru sem baka mætti úr.

## Trölly og Trína

*Svo fæ ég vexti og vaxtavexti  
og vexti líka af þeim.*

Þetta er niðurlag vísukorns sem Trölly og Trína, sparibaukapar Útvegsbankans, sungu fyrir munninn sér sem þau gengu hamingjusöm út í sólsetrið frá Lækjartorgi með Útvegsbankann í baksýn. Þau voru aðlaðandi par. Stóri bróðir minn gaf mér Tröllabauk í afmælisgjöf þegar ég varð 9 ára. Trölly greið er hins vegar týndur og tröllum gefinn; fór sína leið með bankanum sem dróst niður með sökkvandi skipafélagi.



Ó.R.Á.

Skipafélagið var skrifað á flot í tveimur bókum nýverið. Bækurnar voru í boði enskra og hollenskra spari-fjáreigenda. Veruleg áhöld eru um hvort söguskýringar í þeim séu á sjó setjandi.

Útgerðarmanninum skolaði á land í austri og síðan heim aftur, með fullar hendur fjár og velvild rétttra manna. Féð og velvildin nýttust til bankakaupa. Bankareksturinn tókst með þeim ágætum að spurningin er helst sú hversu margar kynslóðir Íslendinga muni súpa seyðið af.

Enginn bað Jón og Gunnu að gangast í sjálfskuldarábyrgð fyrir bankann. Það gerðist bara – og er engum að kenna.

### ... og svo ráðuneytisstjórinn

Ráðuneytisstjóri fór á fund í Bretlandi að bjarga málum. Hann bjargaði bara sjálfum sér. Seldi bréfin í bankanum. Fékk fyrir ævilaun ritarans síns. Heppinn með tímasetningu. Bréfin urðu verðlaus hálfum mánuði síðar. Ráðuneytisstjóranum var svo falið að sjá um samninga við Breta, eftir hrun bankans. Vanhæfi þvældist ekki fyrir. Hann átti engin bréf í bankanum lengur. Það var nú meira lánið.

Ég sé fyrir mér blessað parið, Trölla og Trínu, í ódáiðslendum sparibauka sönglandi fyrir munni sér:

*Svo greiði ég vexti og vaxtavexti og verðbætur og gengistryggingu líka af þeim.*

### Ljósið í myrkrinu

Jólin koma senn. Daginn tekur að lengja. Síðan koma páskar og upprisan. Við þjóðinni í myrkrinu skín þá ljós. Meira ljós en við öðrum þjóðum. Með þjóðinni og landinu sem hún byggir býr kraftur til þess að rísa upp að nýju. Fyrst verður hún að losa sig við myrkrið úr sálinni.

Lífið verður ekki eins og áður. Við viljum það ekki. Það var tilgangur í dauða Krists á krossinum. Hann tók á sig syndir manna. Dauði Krists var forsenda fyrirgefningarinnar, inntaks trúarinnar. En fyrirgefning fæst ekki án iðrunar. Hver og einn verður að líta í eigin barm, heita því að gera betur næst og fyrirgefa þeim sem fyrirgefningar leita. Fyrirgefning færir vellíðan þeim sem veitir ekki síður en hinum sem leitar.

Við getum byggt nýtt samfélag á grundvelli fyrirgefningarinnar. Það verður betra Ísland ef við vinnum að því saman. Og með samvinnu og samhjálp tekur það skemmri tíma en við þorum að vona þessa stundina.

Ég óska lögmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla árs og friðar.



# Með lögum skal (nýtt) land byggja

Um langan aldur munu lög nr. 125 frá 7. október 2008 skjóta upp kollinum í lagakennslu á Íslandi. Með lögnum var brugðist við fyrirsjáanlegu bankahruni á Íslandi, hruni sem síðar kom í ljós að á sér vart hliðstæðu í gervallri hagsögunni. Mælt var fyrir frumvarpi til laganna af hálfu forsætisráðherra skömmu fyrir klukkan fimm síðdegis á þeim örlagaríka degi 6. október 2008 og var frumvarpið samþykkt með atkvæðum 50 þingmanna laust fyrir miðnætti.

Óhætt er að fullyrða að lög nr. 125/2008 eigi sér ekki hliðstæðu í sögu löggjafarvalds á Íslandi. Með lögnum voru breytingar gerðar á

fjórum lagabálkum auk þess sem Alþingi veitti fjármálaráðherra sérstaka heimild til að reiða fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki eða þrotabú þess í heild eða að hluta. Einna viðurhlutamest var sú breyting sem gerð var á lögum um fjármálafyrirtæki þar sem Fjármálaeftirlitinu var fært æðsta vald í málefnum fjármálafyrirtækja vegna sérstakra aðstæðna eða atvika í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Með ákvæðinu var margvíslegum réttindum hluthafa og annarra vikið til hliðar á grundvelli almannahagsmuna. Hafa lög nr. 125/2008 því réttilega verið nefnd neyðarlögin.

Lagadeild Háskólans í Reykjavík stóð fyrir opnum fundi um neyðarlögin miðvikudaginn 12. nóvember sl. undir yfirskriftinni: „Með lögum skal (nýtt) land byggja - Lögfræðileg álitamál á umbrotatímum,“ þar sem sex fræðimenn við lagadeild skólans fluttu erindi um mörg þeirra álitamála sem risið höfðu í kjölfar setningar neyðarlaganna.

## Stjórnskipulegur neyðarréttur

Ragnhildur Helgadóttir, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, flutti erindi um stjórnskipulegan neyðarrétt. Fram kom í máli Ragnhildar að íslensk réttarsaga hefði að geyma tvö dæmi um beitingu stjórn-





Ragnhildur Helgadóttir.

skipulegs neyðarréttar, annars vegar þegar Alþingi tók þjóðhöfðingja-valdið í sínar hendur árið 1940 og hins vegar þegar kosningum var frestað árið 1941.

Ragnhildur sagði að með neyðarlögunum svokölluðu frá 6. október sl. hefði verið gripið til róttækra aðgerða, bæði hvað varðaði réttshæð krafna við hugsanlegt gjaldprot og „aftengingu“ ýmissa almennra laga, stjórnarsýslulaga, samkeppnislaga o.fl. Engu að síður sagði Ragnhildur það mikilvægt að þau lög sem berum orðum var vikið til hliðar eða breytt með neyðarlögum væru almenn lög en ekki stjórnarskrá. Kom fram hjá Ragnhildi að lögskýringargögn með lögunum gæfu heldur til kynna að löggjafinn hafi talið sig vera innan ramma stjórnarskrárinnar. Taldi hún ekki hægt að byggja á því að þingmenn hafi litið svo á er þeir settu lögin að þeir væru að fara á svig við stjórnarskrána á grundvelli neyðarréttar.

Ragnhildur sagði í erindi sínu að það kæmi endanlega í hlut dómstóla að dæma um það hvort ákvæði stjórnarskrár hefðu verið virt í aðdraganda og eftirmálum bankahrunsins og að hugsanlega myndi

þeir taka tillit til aðstæðna er þeir túlkuðu og beittu ákvæðunum. Hún sagði hins vegar mestu máli skipta, þrátt fyrir tröllasögur um annað, að stjórnarskráin væri í fullu gildi í landinu og að ramminn utan um stjórnskipunina og utan um þjóðfélagið héldi.

## Samspil neyðarlaganna og hins almenna

### fullnusturéttarfars

Þegar Ragnhildur hafði lokið máli sínu fjallaði Sigurður Tómas Magnússon, sérfræðingur við laga-deild Háskólans í Reykjavík, um samspil neyðarlaganna svokölluðu og hins almenna fullnusturéttarfars. Sagði Sigurður að yfirvofandi fall þriggja stærstu fjármálastofnana landsins hefði kallað á skoðun á því hvort gildandi lagaákvæði dygðu til að tryggja afar mikilsverða hagsmuni: Í fyrsta lagi að vernda íslenskt hagkerfi, í öðru lagi að tryggja hagsmuni almennings á Íslandi og í þriðja lagi að skapa skilyrði fyrir stöðugleika í efnahagslífinu. Niðurstaðan hefði orðið sú að treysta lagagrundvöll fyrir inngripi Fjármálaeftirlitsins með sérúrræðum, m.a. á sviði fullnusturéttar.

Sigurður sagði að neyðarlögin fælu það í sér að útilokað væri að aðrir en

Fjármálaeftirlitið gætu krafist gjaldþrotaskipta á búi fjármála fyrirtækja meðan skilanefndir væru að störfum. Þá væri útilokað að aðfarargerð eða kyrrsetningu yrði komið fram á meðan skilanefnd væri að störfum. Sigurður fjallaði einnig nokkuð um möguleika á riftun tiltekinna skuldbindinga og vakti athygli á því að frestdagur væri í raun ekki runnin upp.

Fram kom hjá Sigurði að með 6. gr. neyðarlaganna væri lögfest nýtt frávík frá grundvallarreglunni um jafnræði kröfuhafa við skipti þrotabús. Hann varpaði fram þeirri spurningu hvort þessi breyting stæðist eignarréttarákvæði stjórnarskrár. Þar kæmi til skoðunar krafan um fyrirsjáanleika og að um væri að ræða breytingu á þeim reglum sem í gildi voru þegar bankarnir stofnuðu til skulda, auk þess sem takmarkanir væru á afturvirkni laga. Hins vegar hefðu breytingar á skuldaröð áður verið lögfest án þess að athugasemdir væru gerðar um að það bryti gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrár, en slíkar breytingar hefðu þó haft lengri aðdraganda.

Sigurður vakti athygli á því að eina lagaheimildin fyrir stofnun nýju ríkisbankanna þriggja væri að finna í 1. mgr. 1. gr. neyðarlaganna sem



Sigurður Tómas Magnússon.



Margrét Vala Kristjánsdóttir.

segði einfaldlega að við sérstakar og mjög óvenjulegar aðstæður á fjármálamarkaði væri fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að reiða fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki. Að mati Sigurðar virtist þessi lagastofð fremur veik og þyrfti að bæta þar úr.

## Stjórnsýsluréttur og neyðarlögin

Margrét Vala Kristjánsdóttir, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, undirstrikaði í fyrirlestri sínum að með 8. mgr. 5. gr. neyðarlaganna hefði fjölmörgum grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins verið vikið til hliðar við hinar sérstöku ráðstafanir sem Fjármálaeftirlitinu væri heimilt að grípa til á grundvelli laganna. Benti hún sérstaklega á að í athugasemdum við greinina væri hnykkt á nauðsyn þess að Fjármálaeftirlitið gæti brugðist hratt við ef hætta steðjaði að fjármálastöðugleika á Íslandi.

Margrét Vala sagði að með lagaákvæðinu væru ákvæði stjórnsýslu- laganna sem tryggðu andmæla- og upplýsingarétt vikið til hliðar og sama gildi um tilkynningarskyldu, birtingu ákvarða og leiðbeiningar og



Þórdís Ingadóttir.

skyldu til rökstuðnings. Þá væri vikið til hliðar ákvæðum sem vörðuðu afturköllun stjórnvaldsákvarðana og kærueimildir. Eftir sem áður giltu ákvæði I.-III. kafla stjórnsýslulaga um málsmeðferð og ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins og skilanefnda.

## Gildi yfirlýsinga ráðamanna að þjóðarétti

Í eftirmála bankahrunsins beindist athygli fjölmiðla að samskiptum ráðamanna hér á landi við ráðamenn í Bretlandi vegna svokallaðra Icesave-deilu og beitingu hryðju- verkalaga í Bretlandi gegn íslenskum hagsmunum. Meðal þess sem til umræðu var í þessum eftirmála voru hljóðrituð samtöl einstakra ráðherra ríkjanna. Í fyrirlestri sínum fjallaði Þórdís Ingadóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, um þjóðréttarlegt gildi yfirlýsinga sem fram færu á milli ráðamanna. Fram kom hjá Þórdísi að óumdeilt væri að ríki gætu gengist undir þjóðréttar- legar skuldbindingar með einhliða yfirlýsingu. Þá væru þjóðhöfðingjar, forsætisráðherrar og utanríkis- ráðherrar sjálfkrafa taldir hafa um- boð til að skuldbinda ríki vegna eðlis starfa þeirra.

Sagði Þórdís að mat á því hvort yfirlýsing ráðamanna teldist hafa þjóðréttarlegt gildi réðist einkum af þremur atriðum: Skýrleika yfirlýs- ingarinnar, hver ásetningur gefanda hefði verið og loks hvaða væntingar viðtakandi hefði haft og hvort hann hefði verið í góðri trú. Þá kom fram hjá Þórdísi að innanlandsréttur gæti aldrei verið afsökun fyrir því að uppfylla ekki þjóðréttarlega skuld- bindingu. Hins vegar yrði jafnan að gera greinarmun á yfirlýsingum og samningaviðræðum milli ríkja.

## Icesave í brennidepli

Gunnar Þór Pétursson, sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík, fjallaði í erindi sínu á fundinum um álitaeftirni sem vörðuðu Evróputil- skipun um innstæðutryggingakerfi, einkum með hliðsjón af skuld- bindingum íslenska ríkisins vegna svokallaðra Icesave reikninga sem verið höfðu mjög í umræðunni. Fór Gunnar almennt yfir tilgang tilskipunarinnar og bótaábyrgð ríkja að Evrópurétti.

Þegar kom að mati á því hvort íslenska ríkinu væri skylt að bæta tjón innstæðueigenda í erlendum útibúum íslensku bankanna þá sagði Gunnar Þór að margvísleg rök hnigu að því að svo væri. Í fyrsta lagi að tilgangurinn með tilskipuninni væri skýr, þ.e. að tryggja að innstæðu- eigendur töpuðu ekki innstæðum undir 20 þúsund evrum, og að innstæðutryggingar í útibúum erlendis væru sérstaklega tilgreindarí markmiðum tilskipunarinnar. Í öðru lagi bæri íslenska ríkinu að tryggja með innleiðingu að staðið væri við ofangreinda skuldbindingu, þ.e. að markmið væri náð. Í þriðja lagi að ef íslenska tryggingarkerfið tryggði ekki innstæðueigendur upp að 20 þúsund evrum þá hefði tilskipunin ekki verið réttilega innleidd.



Gunnar Þór taldi rökin gegn því að íslenska ríkið bæri ábyrgð jafnframt sterk. Hann nefndi að í inngangsorðum tilskipunarinnar væru talaði um „ótiltæk innlán í lánastofnun“ í eintölu og að ekki væri gert ráð fyrir hruni bankakerfis í heild sinni. Sérstaklega væri vikið að stöðugleika bankakerfisins í inngangsorðunum og að fjármögnun trygginganna mætti eki stefna stöðugleika bankakerfis aðildarríkis í hættu.

Taldi Gunnar að ráða mætti af inngangsorðunum að skylda íslenska ríkisins fælist í því að koma kerfinu upp en ekki „að styðja það fram í rauðan dauðann.“ Benti hann á að í inngangsorðunum væri tekið fram að tilskipunin gæti ekki gert aðildarríkin eða lögbær yfirvöld þeirra ábyrg gagnvart innstæðueigendum ef þau hafa séð til þess að koma á einu eða fleiri kerfum viðurkenndum af stjórnvöldum. Þá væri ljóst að engar athugasemdir hefði komið fram við íslenska tryggingakerfið enda væri það sambærilegt við önnur kerfi og að stjórnvöld hér á landi hefðu verið í góðri trú. Gunnar Þór benti á að skýrslur Framkvæmdastjórnar EB styddu þessar niðurstöður, þ.e. að kerfin réðu ekki við nema „single crisis“ hjá meðalstórri lánastofnun en ekki algjört bankahrun.

### Hugmyndin um réttarríki á viðsjárverðum tímum

Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, sagði í fyrirlestri sínum að það væri nokkuð ljóst að mörg og margvísleg álitaefni hefðu risið dagana á undan út frá grunnhugmyndinni um réttarríkið Ísland. Einkum vörðuðu þau friðhelgi eignarréttarins, jafnræðisregluna sem bæði væri tryggð í stjórnarskrá og stjórnarsýslurétti og lögmætisreglu og meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar.



Gunnar Þór Pétursson.

Nefndi Oddný sem dæmi yfirtöku ríkisins á meintum eignum stórra mismunandi meðferð kröfuhafa eftir því hvort krafa þeirra lendir á gamla bankanum eða nýja ríkisbankanum, sértæka ívilnandi aðgerð sem virðist hafa farið fram í þágu viðskiptavina ákveðinna peningamarkaðssjóða og gripið var til af nýju ríkisbönkunum án lagaheimildar, mismunandi meðferð viðskiptavina peningamarkaðssjóða eftir því hvort þeir eru á vegum nýju ríkisbankanna eða á vegum annarra fjármálafyrirtækja og mismunandi meðferð skuldara í erlendri mynt eftir því hvort þeir skulda hjá nýjum ríkisbanka eða öðru fjármálafyrirtæki.

Oddný lagði áherslu á að lagfæra bæri strax þrjú atriði í ríkjandi réttarstöðu: Í fyrsta lagi væri réttarstaðan varðandi starfsemi á vegum skilanefnda gömlu bankanna allt of óljós og að meðferð eigna og skulda sem tilheyrðu gömlu bönkunum færu fram á lagalegu einskismannslandi. Ekki lægju til grundvallar fyrirsjáanlegar almennar leikreglur sem kvæðu nægilega á um réttarstöðu kröfuhafa og að málsmeðferðarreglum sem giltu í framkvæmdinni



Oddný Mjöll Arnardóttir.

væri heldur ekki lýst. Í öðru lagi þá yrði þegar í stað að huga að því að undirbyggja starfsemi nýju bankanna með sæmandi hætti. Stofna yrði til þeirra með lögum þar sem stjórnkerfi og innra eftirlitskerfi væri lýst og setja starfseminni starfsreglur sem byggðust á meginreglum stjórnsýsluréttar. Í þriðja lagi þyrfti að leggja af þann plagsið stjórnvalda að senda bein og óbein skilaboð um réttindi borgaranna út til almennings og inn til ríkisbankanna með yfirlýsingum á blaðamannafundum eða með einhvers konar tilmælum, án lagastoðar, án tilheyrandi lýðræðislegrar umfjöllunar á Alþingi og án undanfarandi mats á áhrifum skilaboðanna í ljósi meðalhófsreglu og jafnræðisreglu.

### Fullt út úr dyrum

Skemmst er frá því að segja að fundur lagadeildar Háskólans í Reykjavík tókst í alla staði mjög vel og var hann afar vel sóttur. Fjörugar umræður urðu um framsögur sexmenningana og hlutu erindi þeirra nokkra athygli í fjölmiðlum.

*Borgar Þór Einarsson hdl.*



# Lögmannafélagið átelur vinnubrögð löggjafans

Í bréfi sem formaður Lögmannafélags Íslands sendi forseta Alþingis 5. desember sl. gerir félagið athugasemdir við vinnubrögð Alþingis við löggjafarstörf. Segir í bréfinu að nokkuð hafi borið á því á undanförunum vikum að lagafrumvörp hafi verið afgreidd sem lög frá Alþingi í miklum flýti og jafnvel án þess að leitað hafi verið eftir umsögn eða áliti sérfræðinga á þeim, svo sem jafnan er gert.

„Stjórn Lögmannafélags Íslands gerir sér grein fyrir því að Alþingi hefur, vegna hinna umfangsmiklu erfiðleika sem upp hafa komið í kjölfar falls íslensku bankanna og tengdra atburða, þurft á stundum að bregðast við með skjótum hætti. Stjórn félagsins leyfir sér hins vegar að benda á að nauðsyn þess að vanda vel til við smíði og málsmeðferðar lagafrumvarpa fyrir þinginu er sjaldnast meiri en einmitt undir slíkum kringumstæðum,“ segir í bréfinu.

Formaður LMFÍ segir í bréfinu að það sé sammerkt þeim frumvörpum sem lögð hafa verið fram á Alþingi á síðustu vikum, að þau snerta mörg hver mikilsverð réttindi manna, svo sem friðhelgi einkalífs, málsmeðferð fyrir rannsóknaraðilum og dómstólum, meðferð trúnaðarupplýsinga o.fl., þ.e. réttindi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt stjórnarskrá og Mannréttindasáttmála Evrópu. „Telur stjórn Lögmannafélagsins afar brýnt þegar svo mikilsverð réttindi eru til meðferðar í þinginu, að jafnan sé leitað álits færustu sérfræðinga á viðkomandi sviði, bæði fyrir og ekki síður á meðan frumvörp eru til meðferðar þingsins,“ segir í bréfinu.

Þá áréttar formaður Lögmannafélagsins við forseta Alþingis í bréfinu það grundvallaratriði að ný löggjöf sé þannig úr garði gerð að engin hætta sé á að hún brjóti gegn stjórnarskrá Lýðveldisins og/eða

öðrum viðurkenndum grundvallarreglum og/eða alþjóðasáttmálum sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist. Segir í bréfinu að slíkt sé til þess fallið að auka á ósætti og ágreining í samfélaginu og þá jafnframt álag á réttarkerfi landsins.

Að endingu bendir formaður Lögmannafélagsins á það í bréfinu að sú þróun sem þar er lýst gæti ógnað réttaröryggi borgaranna og vegið að þeim gildum sem almennt eru viðurkennd í lýðræðissamfélögum. „Með þessu gæti ímynd Íslands sem lýðræðisríkis ekki aðeins beðið hnekki á alþjóðavettvangi, heldur einnig gert þá slæmu stöðu sem nú er uppi, enn verri. Sú staða gæti á örskotsstundu eyðilagt margt það sem áunnist hefur á undanförunum áratugum, nokkuð sem erfitt gæti verið að vinna til baka nema á löngum tíma,“ eru lokaorð bréfsins.





Tónlistarmaðurinn Kristján Kristjánsson, KK, var gestur fundarins að þessu sinni og tók einnig lagið.

# Jólafundur

Jólahlaðborð Lögmannafélags Íslands, Lögfræðingafélags Íslands og Dómarafélags Íslands var haldið á Hilton Hótel Nordica fimmtudaginn 4. desember. Um 110 manns mættu en gestur fundarins var Kristján Kristjánsson tónlistarmaður.



F.v. Anna Guðrún Björnsdóttir, Bryndís Bachmann Gunnarsdóttir og Ingvar Haraldsson.



F.v. Árni Á. Árnason, Ólafur Egilsson og Gunnlaugur Úlfsson.



F.V. Guðrún Sesselja Arnardóttir, Björn L. Bergsson, Sigurður Tómas Magnússon, Magnús Baldursson, Magnús H. Magnússon, Georg Lárusson, Ástráður Haraldsson og Sigurður Hallur Stefánsson.



Íris Jóhannsdóttir, Marta Margrét Ö. Rúnarsdóttir, Áslaug Björgvinsdóttir og Hafdís Perla Hafsteinsdóttir.



F.v. Daði Ólafsson, Svala Thorlacius, og Sif Thorlacius

Heiðar Örn Stefánsson og Heiðar Ásberg Atlason.



## Gledileg jól – gott og farsælt komandi ár

### Höfuðborgarsvæðið

#### Lögmannsstofa

**Guðbjarna Eggertssonar ehf.**  
Austurstræti 17  
101 Reykjavík

#### Forum Lögmenn

Aðalstræti 6 - 5.hæð  
101 Reykjavík

#### Lögfræðistofa Puriður Kristínar Halldórsdóttur hdl.

Hverfisgötu 105  
101 Reykjavík

#### Atvinnuhús ehf.

Atli Vagnsson hdl.  
Hverfisgötu 4  
101 Reykjavík

#### LAG – Lögmenn sf.

Ingólfsstræti 5  
101 Reykjavík

#### Lögmannsstofa Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur

Klapparstíg 1  
101 Reykjavík

#### Réttur – Adalsteinsson & Partners

Klapparstíg 25-27 3.hæð  
101 Reykjavík

#### Fasteignamál Lögmannsstofa

Laugavegi 59  
101 Reykjavík

#### Mandat lögmannsstofa

Ránargötu 18  
101 Reykjavík

#### Lögmál ehf.

Skólavörðustíg 12  
101 Reykjavík

#### Lögmenn ehf.

Björgvin Jónsson hdl.  
Þingholtsstræti 27  
101 Reykjavík

#### Löggarður ehf.

Kringlunni 7, 7. hæð  
103 Reykjavík

#### Legis ehf. Lögfræðistofa

Holtavegi 10 Holtagörðum  
104 Reykjavík

#### Lögmannsstofa Jóns Egilssonar hdl.

Og Auðar Bjargar Jónsdóttur hdl.  
Knarrarvogi 4  
104 Reykjavík

#### Landslög lögfræðistofa

Köllunarklettsvegi 2  
104 Reykjavík

#### Lex ehf.

Borgartúni 26  
105 Reykjavík

#### Lögfræðipjónusta

**Sigurðar Sigurjónssonar hrl.**  
Flókagötu 65  
105 Reykjavík

#### Lögmannsstofa Ingimars

**Ingimarssonar hdl. Sf.**  
Hátúni 6a  
105 Reykjavík

#### Lögmannsstofa Jóns G. Briem hrl.

Skipholt 50b  
105 Reykjavík

#### Hrafnkell Ásgeirsson hrl.

Kleppsvegi 46  
105 Reykjavík

#### Lögmannsstofa Jóns

**Höskuldssonar hrl.**  
Suðurlandsbraut 16 3.hæð  
105 Reykjavík

#### Lögmannsstofa Sigurðar I.

**Haldórssonar hdl.**  
Suðurlandsbraut 8 3.hæð  
105 Reykjavík

#### Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Granaskjól 90  
107 Reykjavík

#### Embla lögmenn

Lágmúla 5 4.hæð  
108 Reykjavík

#### Juralis – Lögmannsstofa

Sveinn Guðmundsson hrl.  
Hallvarður Einarsson hrl.  
Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík

#### Sigurður G. Guðjónsson hrl.

Suðurlandsbraut 4  
105 Reykjavík

#### Themis ehf. Lögmannsstofa

Bíldshöfða 9, 7.hæð  
110 Reykjavík

#### Ingólfur Hjartarson hrl.

Bíldshöfða 18  
110 Reykjavík

#### Lögmenn Höfðabakka ehf.

Höfðabakka 9  
110 Reykjavík

#### Lögmenn Árbæ

Steingrímur Þormóðsson hrl.  
og Þormóður Skorri Steingrímsson hdl:  
Nethyl 2  
110 Reykjavík

#### Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf.

Stórhöfða 25  
110 Reykjavík

#### Grétar Haraldsson hrl.

Suðurlárum 22  
111 Reykjavík

#### Gunnar Guðmundsson hdl.

Eiðistorgi 17  
170 Seltjarnarnesi

#### Lexista ehf.

Smáratorgi 3  
201 Kópavogi

#### Þingás sf. Lögmannsstofa

Jónatan Sveinsson hrl.  
Álfkonuhvarfi 59  
203 Kópavogi

#### Málflutningur og ráðgjöf slf.

Einar Páll Tamimi hdl.  
Lerkiás 12  
210 Garðabæ

#### Lögmenn Bæjarhrauni 8

Bæjarhrauni 8  
220 Hafnarfirði

### Landsbyggðin

#### Lögfræðistofa Suðurnesja ehf.

Hafnargötu 51  
230 Keflavík

#### Lögmannsstofa

**Arnars Höskuldssonar hrl.**  
Kjarna Þverholti 2  
270 Mosfellsbæ

#### Málflutningsstofa Snæfellsness ehf

Aðalgötu 2  
340 Stykkishólmi

#### Lögsýn ehf.

Aðalstræti 24  
400 Ísafirði

#### London ehf.

Jón Kr. Sólmes hrl.  
Aðalstræti 72  
Akureyri

#### Lögmenn Árborg

Austurvegi 1  
802 Selfossi



Lárentsínus Kristjánsson hrl.

# Fljótaskrift löggjafans

Eins og félagsmönnum er kunnugt sendi stjórn Lögmannafélags Íslands á dögunum bréf til Alþingis vegna þeirra tíðu breytinga sem gerðar hafa verið á löggjöf síðustu vikunar án þess að vandað hafi verið að okkar mati nægjanlega til verka. Varnaðarorð mín í síðasta pistli og reyndar fjölmargra annarra á öðrum vettvangi hafa að því er virðist ekki náð eyrum stjórnvalda eða verið léttvæg fundin og þá væntanlega með skírskotun til þess ástands sem ríkir í þjóðfélaginu. Vonandi holar þó dropinn steininn og leiðir til þess að ráðamenn staldri aðeins við og velti fyrir sér hvort sú stefna sem tekin hefur verið skili þegar upp er staðið þeirri niðurstöðu sem að er stefnt. Að stytta sér leið getur stundum verið árangursríkt, en á stundum er betri krókur en kelda. Jákvætt er að forseti Alþingis brást skjótt við og boðaði fullrúa félagsins á sinn fund til að ræða efni bréfsins.

Þrátt fyrir að framangreint bréf hafi fyrst og fremst fjallað um aðferðirnar sem notaðar eru við lagasetningu og einkum þá fljótaskrift sem einkennt hefur löggjafarvinnuna þessi dægrin, þá beinast áhyggjurnar ekki síður að skilgetnum afkvæmum slíkra vinnubragða sem birtast í formi vanhugsaðra ákvæða sem breyta réttarástandi sem tók jafnvel áratugi að koma á, enga stund tekur að afnema en getur tekið óratíma að vinna þau til baka.

Laganefnd félagsins hefur undanfarnar vikur við erfiðar aðstæður, unnið gríðarlega gott starf undir forystu Evu Bryndísar Helgadóttur hrl., en með henni í nefndina hafa valist, sem endranær, mikill rjómi úr okkar röðum.

Nefndin hefur skilað, oft undir mikilli tímapressu, ítarlegum og vel grunduðum álitum um fjölmörg frumvörp og er skemmst að minnast umsagna um frumvarp vegna sérstaks saksóknara og sérstakrar rannsóknarnefndar vegna falls bankanna nú í haust. Ég bendi félagsmönnum á að kynna sér umsagnirnar á heimasíðu Lögmannafélagsins um leið og ég þakka nefndinni fyrir hennar framlag.

Það er sammerkt framangreindum frumvörpum að verið er að „krukka“ í mörg grundvallarmál og svo dæmi sé tekið þá er kveðið á um í síðarnefnda frumvarpinu afnám þagnarskyldu lögmannna undir vissum kringumstæðum en þá skyldu verður að telja einn af hornsteinum réttarríkisins. Ég nefni hér einungis eitt dæmi sem þó undirstrikar hversu langt er seilst um þessar mundir í aðgerðum til að tryggja á endanum réttlæti sem hrópað er á, en gæti að mínu mati snúist auðveldlega upp í andhverfu sína.

Ég skora á félagsmenn að halda vöku sinni og standa vörð um mikilsverð réttindi okkar félags og félagsmanna sem í langflestum tilvikum felur um leið í sér varðstöðu um réttaröryggi almennings.

Félagsmönnum LMFÍ og fjölskyldum þeirra óska ég gleðilegra jóla.





Rúmlega 40 manns mættu á hádegisverðarfund Lögfræðingafélags Íslands um sönnunarfærslu í sakamálum.

# Hinn nýi Landsyfirréttur

Í nóvember sl. efndi Lögfræðingafélag Íslands til hádegisverðarfundar um hvort millidómstig myndi leysa vandann við sönnunarfærslu í sakamálum fyrir Hæstarétti Íslands. Tílefni fundarins var skýrsla nefndar á vegum dómsmálaráðuneytisins um hvernig best mætti tryggja milliliðalaus sönnunarfærslu í meðferð sakamála en gagnrýnt hefur verið að ekki hafi tíðkast að fram fari skýrslutökur yfir ákærða og vitnum fyrir Hæstarétti.

Ríkissaksóknari, Dómstólaráð og Lögmannafélag Íslands skipuðu fulltrúa í nefndina að ósk dómsmálaráðherra og var Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, formaður. Auk hennar sátu Ragnheiður

Harðardóttir, þá vararíkissaksóknari en nú settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Símon Sigvaldason, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og formaður Dómstólaráðs og Sveinn Andri Sveinsson, hæstaréttarlögmaður í nefndinni.

## Tillaga nefndarinnar

Ragnheiður Harðardóttir hafði framsögu á fundinum og sagði meðal annars að nefndin hefði komist samhljóða að þeirri niðurstöðu að leggja til að millidómstigi í sakamálum yrði komið á og hann nefndur Landsyfirréttur. Til dómstólsins yrði áfrýjað þeim sakamálum sem nú sæta áfrýjun til Hæstaréttar en sönnunarfærsla færi þar fram á nýjan leik. Málum yrði skotið frá hinum nýja dómstól til Hæstréttar á grundvelli áfrýjunarleyfis en eftirleiðis myndi Hæstiréttur einungis

fjalla um lagaatriði og ákvörðun refsingar. Niðurstöðu millidómstigs um mat á sönnun og sönnunargildi munnlegra framburða yrði ekki unnt að endurskoða. Öllum ágrein-



Ragnheiður Harðardóttir.





Eiríkur Tómasson.

ingsmálum varðandi réttarfar og rannsóknaraðgerðir í héraðsdómi yrði skotið til millidómstigsins með kæru.

Nefndin gerði ráð fyrir að við dómstólinn myndu starfa að lágmarki sex dómara í tveimur deildum og almennt yrði fallið frá fjölskipuðum dómi í héraði. Mál fyrir dómnum myndu verða flutt af hæstaréttarlögmonnum og ríkissaksóknara, og saksóknurum við embætti hans.

### Eftirsjá af tveggja dómstiga kerfinu

Eiríkur Tómasson, prófessor, var einn af álitsgjöfum nefndarinnar og sagði að það yrði eftirsjá af tveggja dómstiga kerfinu sem væri bæði fljótvirkt og einfalt. Þótt millidómstig í sakamálum hefði marga kosti þá yrði réttarkerfið flóknara og málatími lengdist og ýmis vandasöm úrlausnarefni sem tengdust slíkri réttarfarsbreytingu kæmu upp. Hins vegar sagðist hann fylgjandi því að

sú stefna yrði mörkuð til frambúðar að taka upp eiginlegt millidómstig sem tæki bæði til einkamála og sakamála. Varhugavert væri að skilja á milli þessara tvenns konar mála, eins og fyrirbyggjandi tillaga gerir ráð fyrir, nema jafnframt verði mótuð fyrrgreind framtíðarstefna, þannig að hið nýja fyrirkomulag myndi þá aðeins gilda til bráðabirgða. Að öðrum kosti gæti svo farið að við sætum í reynd uppi með tvo áfrýjunardómstóla, þ.e. Hæstarétt í einkamálum og hinn nýja Landsyferrétt í sakamálum. Ef millidómstigið ætti einungis að vera ein-skorðað við sakamál, þá ætti það af fyrrgreindum ástæðum að vera með takmarkaða lögsögu sem yrði fyrst og fremst bundin við áfrýjun mála þar sem niðurstaða gæti oltið á gildi munnlegs framburðar fyrir dómi.

E.I.

## ÖRYGGISSTEFNA GAGNAEYÐINGAR EHF

Gagnaeyðing ehf veitir fyrirtækjum, stofnunum, samtökum og einstaklingum þjónustu á sviði upplýsingaöryggis með eyðingu trúnaðargagna. Markmið öryggisstefnu Gagnaeyðingar ehf er að tryggja örugga framkvæmd þeirrar þjónustu, frá móttöku til eyðingar.

Öryggisstefna Gagnaeyðingar byggir á traustum grunni farsællar starfsemi og þekkingu á besta verklagi sem þekktist meðal fyrirtækja á sama sviði. Starfsemi Gagnaeyðingar er AAA vottuð samkvæmt staðli NAID samtakanna, National Association of Information Destruction.

Lýkilþættir:

Samkvæmt þessarar stefnu eru „gögn“ allt það sem kemur til eyðingar, óháð tegund eða ástandi.

Öll gögn eru meðhöndluð af trúnaði, þeirra vandlega gætt og þeim eytt með fullnægjandi hætti í fullu samráði við viðskiptavini og í samræmi við NAID AAA vottunarskilmála.

Að lokinni eyðingu er hinu tæta efni ráðstafað til endurvinnslu og/eða ábyrgar förgunar að teknu tilliti til verndunar umhverfisins.

Stjórn Gagnaeyðingar ehf skuldbindur sig til þess að vinna samkvæmt þessari stefnu án undantekninga.

Reykjavík 15. október 2008

**GAGNAEYÐING**

Gagnaeyðing ehf · Bæjarflöt 4 · 112 Reykjaví  
Sími 568 9095 · [www.gagnaeyding.is](http://www.gagnaeyding.is)



## Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar,

Dóm- og skýrslutökutúlkun.

## Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi.

Brautarholti 28 · 105 Reykjavík

sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551

GSM: 897-2717

netfang: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)



Eyrún Ingadóttir

## Félagsstarf ársins

Senn koma jólin. Átta ára hnáta tilkynnti móður sinni hátíðlega að ekki þyrfti lengur að gefa henni í skóinn þar sem hún trúði ekki lengur á jólasveininn, „Svo er líka kreppa,“ sagði sú stutta. Jafnaldri hennar vildi eignast ákveðinn hlut og þegar móðir hans neitaði með þeirri skýringu að hann væri of dýr sagði sá stutti: „Er það út af þessari kryppu?“

### Skákað, golfað og gengið á fjöll

Það hefur ekki borið á neinni kryppu í starfsemi félagsdeildar á árinu. Má til dæmis nefna að nokkrir áhugamenn í manngangi settust við taflborð í lok þorra og skákuðu í skjóli nætur. Afar öflug golfnefnd skipulagði fimm golfmót sumarsins og þátttaka í þeim var mjög góð. Golfnefndin er gott dæmi um grasrótastarf „par excellence“ sem er ómetanlegt í starfsemi félags sem þessa. Félag kvenna í lögmenntu stóð fyrir námskeiði í framsögn og segir af því á öðrum stað í blaðinu og fótboltamót ársins fer fram um það leyti sem blaðið kemur út. Svo má ekki gleyma því að hraustur hópur félagsmanna og fylgifiska þeirra gengu á Eyjafjallajökul í blíðskaparveðri í vor. Rúsínan í pylsuendanum er að sjálfsögðu námsferð félagsdeildar á slóðir Vestur-Íslendinga í Kanada sem farin var í byrjun október.

### 223 sóttu námskeið ársins

Auglýst voru 23 námskeið á árinu 2008 sem 223 sóttu en það lætur nærri að vera þriðjungur félagsmanna. Þess má geta að þrjú námskeið eru þegar skipulögð á

vorönn en eitt þeirra er 11 klukkustunda námskeið um ný lög um meðferð sakamála sem Eiríkur Tómasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, mun kenna.

Stjórn námssjóðs hittist reglulega og ákveður hvaða námskeið eigi að halda auk þess sem hún velur bækur sem pantaðar eru á bókasafnið. Þar á sér einnig stað mikilvægt grasrótastarf og ber að þakka það. Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér aðstöðu bókasafnsins en hún var tekin í gegn á árinu. Aðstaðan er öll hin besta og geta félagsmenn m.a. fengið lánaðan lykil yfir helgi til að stunda fræðin. Einnig eru öðrum velkomið að nota safnið á opnunartíma en það er skráð í Gegni og því er bókakostur aðgengilegur á netinu.

### Hefur þú áhuga?

Starfsemi félagsdeildar byggist á virkni félagsmanna og ef þú hefur áhuga á að koma að starfinu með einhverjum hætti, sitja í nefndum eða ert með skoðanir, þá væri gaman að heyra frá þér.

Til að leiðrétta misskilning, sem gæti komið fram bráðlega ef fram heldur sem horfir, þá var það ekki bull, ergelsi og pirra sem vitringarnir færðu Jesúbarninu forðum, heldur gull, reykelsi og myrra.

Ég óska lögmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla, árs og friðar.

# Af Merði lögmanni

Mörður er svona týpa sem nýtur sín best í kreppu þótt hann sé skuldugur og eignalaus eftir fjóra skilnaði og nokkur sambúðarslit. Mörður er nú kominn inn á leikvöllinn eins og gömlu kommarnir eftir 20 ár á bekknum. Þótt Mörður hafi aldrei gengið í raðir kommúnista var hann í gömlu Möðruvallarhreyfingunni með Óla grís. Nú finnst Merði gaman að vera kominn aftur í mótmælagöngur og veifa fána réttlætisins með gömlu kommunum sem spretta upp úr hverri holu um þessar mundir. Sumir aftur komnir með skegghýjung og hafa dustað rykið af gömlu flauelsbuxunum og pípunni. Mörður kastar þó ekki eggjum í nálæg hús enda aðhaldssamur og heldur sig aftarlega í hópi mótmælanda vegna þess að hann þolir illa piparúða.

Tími Marðar er kominn. Hann ætlar að ganga til liðs við Vinstri-græna og verður þar með þriðji lögmaðurinn í þeim flokki. Þar eru flestir frekar kauðskir og afturhaldsamir og smellpassa því við útlit og hugmyndir Marðar. Eins og aðrir flokksfélagar er Mörður sérstaklega glaður yfir því að frjálshyggjan er dauð og að vera laus við þessa útrásardrengi sem græddu peninga á tá og fingri meðan hann og aðrir hæfileikaríkir menntamenn fóru á mis við góðærið. Gömlu ríkisbankarnir eru komnir aftur og nú þyrfti bara gömlu Bæjarútgerðina og SÍS til að fullkomna líf Marðar. „I love it,“ tautar Mörður reglulega þessa dagana í stað þess að ganga um þunglyndur eins og jólamánuði síðustu ára. Enda á hann ekki von á símtölum fyrrverandi eiginkvænna og barnsmæðra þar sem þær hneykslast yfir nísku hans í garð barna þeirra. Nú þykir jafnvel sjálfsagt að sleppa jólagjöfunum.

Mörður telur að þjóðin þurfi langvarandi kreppu núna þó ekki væri nema til þess að bjarga andlegri heilsu hennar. Mörður man hvað allt var heilbrigðara þegar hann var að alast upp í sveitinni og þegar hann kom ungur til náms í Reykjavík. Engar tölur, blogg, einkamál.is, msn eða sms eða hvað þetta heitir nú allt saman. Í þá daga þurfti að fara út á örkina til að ná í konur og hafa fyrir þessu. Mörður þurfti meira að segja hafa heldur meira fyrir því en flestir aðrir en var þrautseigur. Hann var til dæmis afskaplega duglegur að suða og hafði stundum á tilfinningunni að látið væri undan til að losna við suðið frekar en sérstakur áhugi væri fyrir hendi. Í dag myndi ákafi Marðar sennilega flokkast undir refsiverða háttsemi.

Í gamla daga voru heldur ekki til stjörnulögmenn. Þá voru lögmenn bara flokkaðir eftir því hvort þeir voru íhaldsmenn, framsóknarmenn eða kommúnistar og hvort þeir voru fyllibyttur eða ekki. Íhaldsmenn og fyllibyttur voru öllu fjölmennari. Sem betur fer voru ekki til slúðurlöð í þá daga og menn gátu verið óþekkir án þess að öll þjóðin vissi það. Sennilega er Mörður orðinn afturhald og kommúnisti. Það er framtíðin. Þökk sé kreppunni.



# Félagsdómur 70 ára



F.v. Lára V. Júlíusdóttir, Einar Karl Hallvarðsson, Ásráður Haraldsson og Helgi I. Jónsson.

Félagsdómur var stofnaður 1938 með lögum um stéttarfélag og vinnudeilur og fagnar því 70 ára afmæli sínu. Af því tilefni efndi dómurinn til málþings í samvinnu við Vinnuréttarfélag Íslands þann 21. nóvember 2008.

Aðalræðumaður var Prófessor Alan Neal, University of Warwick, sem er þekktur fræðimaður á sviði vinnuréttar. Alan er jafnframt formaður Employment Tribunals (London Central) og stjórnarformaður The European Association of Labour Court Judges. Hann hefur skrifað bækur um evrópskan vinnurétt og setið í sérfræðinganefndum á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þá hefur hann aðstoðað kínversk stjórnvöld við uppbyggingu vinnudómstóla í Kína.

## Félagsdómur að norrænni fyrirmynd

Forseti Félagsdóms, Eggert Óskarsson, setti málþingið og gerði stuttlega grein fyrir stofnun dómsins. Félagsdómur kom fyrst saman í

Alþingishúsinu við Austurvöll 5. október 1938. Fyrirmyndin var sótt til dómstóla í vinnuréttarmálum sem stofnaðir höfðu verið annars staðar á Norðurlöndum í upphafi síðustu aldar, Den faste Voldgiftsret í Danmörku, Arbeidsretten i Oslo og Arbetsdomstolen í Svíþjóð. Eggert gat þess jafnframt að Færeyingar hafa nýverið komið á fót vinnudómstól sem ber heitið Fasti Gerdarrættur.

Félagsdómur starfar enn á grundvelli laganna frá 1938 og samsvarandi ákvæða í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986. Ástæðan fyrir því að dómurinn var nefndur Félagsdómur var að heitið Vinnudómstóll átti ekki upp á pallborðið á þessum tíma. Heitið var einnig talið vísa til þess að dómendur séu skipaðir í félagi en auk þriggja dómara sem skipaðir eru eftir ákvörðun hins opinbera tilnefna Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands eða viðkomandi heildarsamtök sinn hvorn dómarrann.

Félagsdómur hefur sérstöðu í íslensku réttarkerfi. Hann er eini starfandi sérdómstóll landsins. Dómstóllinn er fjölskipaður sem fyrr greinir. Aðildin að máli er einnig með sérstökum hætti sem tengist því að dómstólnum er ætlað að leysa úr réttarágreiningi aðila vinnu- markaðarins og úrlausnarefni snerta oft hagsmuni margra. Þá eru dómur og úrskurðir hans almennt endanlegir. Að auki getur málsmeðferð verið mjög hröð ef á þarf að halda t.d. í verkfallsmálum. Dómsvald Félagsdóms er mjög takmarkað en algengast er að mál fyrir dómnum varði skilning á kjarasamningum. Slík mál er einnig hægt að reka fyrir almennum dómstólum.

Hvað sem sjónarmiðum um fækkun sérdómstóla líður taldi Eggert nauðsynlegt að hafa sérdómstól á sviði vinnuréttarins, sem geti brugðist skjótt við og leyst á skömmum tíma úr brýnum ágreiningsmálum milli aðila vinnu- markaðarins. Því hlutverki hafi Félagsdómur nú gegnt í 70 ár.

## Staða, hlutverk og framtíðarþróun vinnudómstóla

Alan Neal reyndist afar skemmtilegur fyrirlesari. Hann benti á að sérstakir vinnudómstólar væru um allan heim en með mismunandi fyrirkomulagi sem endurspegladi pólitískar, efnahags- og félagslegar aðstæður hvers lands. Tilgangurinn væri að mæta sérstökum þörfum aðila vinnu- markaðarins fyrir aðgengilegan, hraðvirkan, óformbundinn og ódýran feril við úrlausn ágreiningsmála þeirra. Vinnudóm-



stólar séu afar mismunandi, nefndir, gerðardómar eða dómstólar skipaðar leikmönnum og/eða dómurum. Dómvald þeirra sé einnig mismunandi, allt frá félagsmálum til vinnuréttar- og vinnumarkaðs-réttarmála, jafnréttis og almanna-trygginga. Þríhliða nálgun Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar með þátttöku ríkisins, vinnuveitenda og launþega hafi víða haft áhrif á skipan dómara, t.d. hér á landi. Það vekur að mati Alans spurningar um það hvort þörf sé á sérþekkingu á aðstæðum á vinnustöðum í dóm-inum og meiri sveigjanleika en við úrlausn annarra mála. Þá sagði hann vinnudómstóla í nútíma samfélagi standi frammi fyrir áskorunum. Áhrif stéttarféлага fari minnkandi, lagasetning hafi aukist og verði sífellt flóknari. Dómsmálum fjölgi, valdsvið vinnudómstólanna hafi aukist samhliða kröfum yfirvalda um sparnað og aukin afköst. Grundvallarskyldur vinnudómstóla, að verja sjálfstæði sitt, gegna virku hlutverki í þróun félagsmálastefnunnar og gæta félagslegs réttlætis megi aldrei gleymast.

Eftir kaffihlé hófust umræður um okkar íslenska Félagsdóm.

### Hvers vegna Félagsdómur?

Sú spurning var umræðuefni Hrafnhildar Stefánsdóttur, yfirlögfræðings Samtaka atvinnulífsins. Kom fram að á síðustu 9 árum hafi mál sem lýkur með dómi eða frávísunarúrskurði verið 10 meðaltali, fæst 5 og mest 17 á ári. Fyrir liggja að valdsvið Félagsdóms sem er sér-dómstóll beri að túlka þröngt og héraðsdómi sé jafnframt rétt að meta öll atriði launakröfu og skýra að því leyti kjarasamninga. Stefnandi á því iðulega val um hvort hann fer með mál fyrir Félagsdóm. Máls-hraðinn getur þó verið afgerandi einkanlega í verkfallsmálum. Hún taldi Félagsdóm því enn gegna



F.v. Alan Neal og Eggert Óskarsson.

mikilvægu hlutverki. Opna þurfi þó fyrir endurskoðunarmöguleika í málum þar sem niðurstaða velti að stórum hluta á túlkun stjórnarskrár eða mannréttindaákvæða og falla annars utan valdsviðs Félagsdóms eða að slík mál verði einvörðungu rekin fyrir almennum dómstólum.

### Túlkun Félagsdóms og Hæstaréttar á félagafrælsisákvæðum stjórnarskrár

Ástráður Haraldsson, hrl. og dósent við Háskólann á Bifröst, fjallaði um hugsanlegan mun á túlkun Félagsdóms og Hæstaréttar á félagafrælsisákvæðum stjórnarskrár. Sú aðstaða að Félagsdómur er æðsti dómstóll þjóðarinnar á tilteknu sviði en þarf í dómum sínum alloft að túlka ákvæði stjórnarskrár getur valdið erfiðleikum. Sérstaklega ætti þetta við ef sú staða kemur upp að ekki sé fullt samræmi í túlkun Félagsdóms og Hæstaréttar. Ástráður nefndi m.a. í dæmaskyni deilur um túlkun forgangsréttarákvæða kjarasamninga og túlkun félagafrælsisákvæða stjórnarskrár út frá dómum Félagsdóms í svokölluðum Sleipnismálum. Þá bar hann saman túlkunarstefnu Félagsdóms í Sleipnismálinu og þá stefnu sem lesa má úr nokkrum dómum Hæstaréttar.

### Hagsmunadómarar

Lára V. Júlíusdóttir, hrl. og lektor við Háskóla Íslands, fjallaði um hlutverk þeirra dómara sem tilnefndir eru af aðilum vinnumarkaðarins. Tilgangurinn sé að hleypa að sjónarmiðum hagsmunaaðila þótt hlutverk þessara dómara sé það sama og annarra dómara. Þótt ekki sé gerð krafa um það lögum samkvæmt að þeir séu löglærðir hafa flestir þeirra uppfyllt dómarskilyrði. Hæfisreglur eru heldur ekki þær sömu og gilda um aðra dómara. Kostur þessa fyrirkomulags felst í sérþekkingu þessara aðila þótt það hafi einnig sætt gagnrýni þar sem með því sé ekki tryggt að dómurinn sé sjálfstæður og óvilhallur. Mannréttindadómstóllinn féllst ekki á málsástæðu þar sem jafnræði væri með aðilum um skipan í dóminn.

### Aldurhnigin ákvæði um málsmeðferð fyrir Félagsdómi

Einar Karl Hallvarðsson, dósent við Háskólann á Bifröst, dró upp myndir af nokkrum ákvæðum laga nr. 80/1938 er varða málsmeðferð fyrir Félagsdómi. Litlar sem engar breytingar hafa orðið á þeim ákvæðum þessi sjötíu ár og þau varðveita að mörgu leyti eldri sjónarmið um meginreglur réttarfars. Má þar nefna skipan dómsins og dómenda, kröfur

til menntunar og skyldur gagnvart úrlausnarefnum sem fyrir dóminn eru lögð. Einnig voru nefnd til sögunnar þau ákvæði laganna sem ráðgera að á Félagsdómi hvíli rannsóknarskylda. Jafnframt því að dómurinn getur útnefnt matsmenn þá geta dómendur framkvæmt mat sjálfir eða leitað til sérfróðra aðila. Þannig eru ýmiss ákvæði um störf

Félagsdóms og málsmeðferð sem eru verulega frábrugðin því sem tíðkað er og talið samræmast nútímahugmyndum í réttarhari. Engu að síður er um önnur atriði en sérstaklega er kveðið á um vísað til almennra reglna um meðferð einkamála. Einar Karl taldi að Félagsdómur hefði í seinni tíð lagað málsmeðferðina eins og kostur er

að hinum almennu reglum. Ákvæðin sem fljótt á litið teldust nokkuð við aldur mætti þó ekki vanmeta.

*Hrafnhildur Stefánsdóttir, hrl.*

## BREYTING Á FÉLAGATALI

### Ný málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

**Eiríkur Elís Þorláksson hrl.**  
Lex ehf.  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 590-2600

**Jón Einar Jakobsson hrl.**  
Lögmannsstofa Jóns Einars Jakobssonar  
Aðalstræti 9  
101 Reykjavík  
Sími: 561-5969

**Grímur Sigurðsson hrl.**  
Landslög ehf.  
Köllunarklettsvegi 2  
104 Reykjavík  
Sími: 520-2900

### Ný málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.

**Birkir Snær Fannarsson hdl.**  
Landgræðsla ríkisins  
Gunnarsholti  
851 Hella  
Sími: 488-3000

**Ólafur Freyr Frímansson hdl.**  
Mörkin lögmannsstofa hf.  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík  
Sími: 414-4100

**Arnaldur Hjartarson hdl.**  
Lex lögmannsstofa  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 590-2600

**Páll Rúnar Mikael Kristjánsson hdl.**  
Félag íslenskra stórkaupmanna  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík  
Sími: 588-8910

**Bjarki Þór Sveinsson hdl.**  
Landslög  
Köllunarklettsvegi 2  
104 Reykjavík  
Sími: 520-3583

**Grétar Dór Sigurðsson hdl.**  
Lögfræðistofa Reykjavíkur  
Borgartúni 25  
105 Reykjavík  
Sími: 515-7415

**Jóhannes Eiríksson hdl.**  
Mörkin lögmannsstofa hf.  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík  
Sími: 414-4100

**Hildur Ýr Viðarsdóttir hdl.**  
Landslög  
Köllunarklettsvegi 2  
104 Reykjavík  
Sími: 520-3583

**Birkir Jóhannsson hdl.**  
Lögmenn Höfðabakka  
Höfðabakka 9  
110 Reykjavík  
Sími: 587-1286

**Magnús Óskarsson hdl.**  
Lögmál ehf.  
Skólavörðustíg 12  
101 Reykjavík  
Sími: 511-2000

**Vilhilmína Jónsdóttir hdl.**  
Skattrannsóknarstjóri ríkisins  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík  
Sími: 550-8800

**Agnar Þór Guðmundsson hdl.**  
Fulltingi, slysa- og skaðabótamál ehf.  
Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík  
Sími: 553-2050

**Margrét Sif Hafsteinsdóttir hdl.**  
HM Bókhald ehf.  
Kringlunni 7  
107 Reykjavík  
Sími: 554-3080

**María Kristjánsdóttir hdl.**  
Lex lögmannsstofa  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 590-2600

**Berglind Ósk Guðmundsdóttir hdl.**  
KPMG hf.  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími: 545-6149

**Tómas Njáll Möller hdl.**  
Lífeyrissjóður verslunarmanna  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík  
Sími: 520-4033

### Nýr vinnustaður

**Íris Ösp Ingjaldsdóttir hdl.**  
Borgarlögmenn  
Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími: 533-1330

**Hörður Felix Harðarson hrl.**  
Mörkin lögmannsstofa  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík  
Sími: 414-4100

**Anna Guðrún Árnadóttir hdl.**  
Embætti borgarlögmanns  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík  
Sími: 411-1000

**Magnús Pálmi Skúlason hdl.**  
Lögskipti  
Síðumúla 29  
105 Reykjavík  
Sími: 699-0775

### Nýtt aðsetur

**Hróbjartur Jónatansson hrl.**  
Jónatansson & Co  
lögfræðistofa ehf.  
Kringlunni 4-6, 8.hæð  
103 Reykjavík  
Sími: 533-3434

**Rúnar S. Gíslason hdl.**  
Lágmúla 5  
108 Reykjavík  
Sími: 581-3600

# Samráðsfundur LMFÍ með dómsmálaráðuneyti

Fulltrúar Lögmannafélagsins áttu samráðsfund með fulltrúum dómsmálaráðuneytisins þriðjudaginn 25. nóvember s.l. þar sem rætt var um kostnað í opinberum málum og hugmyndir ráðuneytisins til að draga úr honum, rætt um vankanta á framkvæmd uppgjöra vegna verjenda- og réttargæslustarfa lögmannna og ófullnægjandi upplýsingastreymi frá rannsóknaraðilum í tengslum við afgreiðslu mála. Einnig hugsanlegar breytingar á reglum um öflun málflytningaréttinda fyrir Hæstarétti, þar sem opnað yrði fyrir þann möguleika að tiltekin mál fyrir þriggja manna dómi yrðu gjaldgeng sem prófmál. Rætt var um málskostnaðarákvarðanir dómstóla og hvort hugsanlega mætti setja upp sambærilegar viðmiðunarreglur og gilda um þóknun í

verjenda og réttargæslumálum. Fulltrúar félagsins gerðu grein fyrir þeirri miklu óánægju meðal lögmannna með þá breytingu sem dómsmálaráðherra gerði með reglugerð nr. 45/2008 um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar. Var fulltrúum ráðuneytisins afhent skýrsla sem sérstök nefnd á vegum félagsins tók saman um gjafsóknarmálefni. Loks var rætt um hvort gera ætti breytingar á fyrirkomulagi námskeiða til öflunar réttinda til að vera héraðsdómsslögmaður, þannig að kennslu og hugsanlega prófum yrði dreift á lengri tíma en nú er. Áfram verður unnið með framangreind málefni í samráði við ráðuneytið og félagsmenn Lögmannafélagsins.

I.I.



## Hvað gerir ljósritunarpappír góðan?



Data copy er góður pappír í afar hentugum og meðfærilegum umbúðum.

### Ein pappirstegund til allra nota

- Ljósritunarpappírinn á að vera vel hvítur
- Ljósritunarpappírinn þarf að taka prentlit vel svo ólíkar fyrirmyndir verði skýrar
- Hann þarf að vera fjölnota; hæfur til ýmissa nota skrifstofunnar; jafnt í svart/hvítu sem í lit, - í ljósritunarvél, prentara og faxtæki
- Trygging sé fyrir vistvænu vinnsluferli pappírins

# hvítlist

Krókhálsi 3 569-1900

PCXT/Isomer





Þórunn Guðmundsdóttir, hrl.

# Af barristerum og reglubræðrum í London

Það er í sjálfu sér ekki flókið ferli að ná sér í málflutningsréttindi hér á landi. Ljúka þarf meistaraþáttu í lögum og standast svo próf á svokölluðu hdl. námskeiði. Síðan getur fólk farið að flytja mál. Hjá nýjustu bestu vinum okkar, Englendingum, er málið eilítið flóknara. Þar eru menn reyndar annað hvort „solicitors“ (lögmennt) eða „barristers“ (málflutningsmenn). Þeir sem vilja verða „barristers“ þurfa fyrst að ljúka prófi frá háskóla í svokallaðri fyrstu gráðu í lögum eða ef þeir eru með háskólapróf í einhverju öðru fagi en lögfræði, þá verða þeir að ljúka tilteknum námskeiðum í lögfræði. Síðan þurfa þeir að ljúka svokölluðum „Bar Vocations Course“, BVC, en upp á slíkt nám er boðið í hinum ýmsu háskólum í Englandi. Til þess að komast inn á BVC þurfa menn áður að vera búnir að fá inni hjá einhverjum af svokölluðum „Inns of Courts“. Þessar „Inns of Courts“, eða reglur, eru fjórar í Englandi, „the Middle Temple“, „the Inner Temple“, „Gray’s Inn“ og „Lincoln’s Inns“. Eftir að hafa komist inn í reglu og hafa lokið BVC þá þurfa væntanlegir barristerar einnig að ljúka 12 svokölluðum „Qualifying Sessions“,

sem eru aðallega kvöldverðir sem snæddir eru hjá þeirri reglu sem væntanlegir barristerar tilheyra. Það kann að hljóma sérkennilega að þurfa að snæða 12 kvöldverði til að verða málflutningsmaður en þessir kvöldverðir eru oftast tengdir við fyrirlestra, málflutningsæfingar eða kappæður á vegum reglunnar. Það hlýtur líka að vera skemmtilegra að borða kvöldmat en að sitja í mis-skemmtilegum fyrirlestrum á íslenska hdl. námskeiðinu. Þá þjóna kvöldverðirnir einnig þeim tilgangi að nemendur kynnast hver öðrum sem og eldri og reyndari barristerum en þeir eru duglegir við að sækja þessa kvöldverði. Reglurnar eru þannig eins og nokkurs konar einkaklúbbur.

Eftir að laganemarnir hafa lokið þessum 12 kvöldverðum eru þeir kallaðar til starfa („called to the Bar“) við hátíðlega athöfn, þar sem þeir skryðast hárkollum og skikkjum í fyrsta sinn. Að því loknu þurfa þeir að fá námsvist hjá einhverri málflutningsstofu („Chambers“). Það getur verið mjög erfitt að komast að hjá stofunum. Það er því langur og strangur gangur að því að verða barrister í Englandi.

## Upphaf reglnanna

Reglurnar fjórar eiga rætur sínar að rekja allt til musterisriddaranna á krossfarartímunum. Smám saman tóku lögfræðingar reglurnar yfir og á 16. öld höfðu þessar fjórar reglur þjappað sér saman á tilteknu landsvæði á norðurbakka Thames ár í Lundúnaborg. „the Middle Temple“ byggði mikla byggingu yfir starfsemi sína á 16. öld. Lokið var við bygginguna árið 1570 og gaf Elisabet I Englandsdrottning viðarplanka sem notaðir voru í langborð sem enn er snætt við. Byggingin þykir einhver sú fallegasta frá tímum Elisabetar I. Drottningin snæddi þarna iðulega og Prettándakvöld William Shakespeare var frumsýnt í hátíðarsal byggingarinnar árið 1602. Árið 1608 gaf Jakob I Englandskonungur „the Middle Temple“ og „the Inner Temple“ landsvæðið við Thames þar sem reglurnar höfðu aðsetur. Landið var gefið með tveimur skilyrðum; að það yrði nýtt til að viðhalda menntun lögfræðinga, og til að uppfæða laganema, og auk þess áttu reglurnar að annast og varðveita kirkju sem stóð á landinu og stendur þar enn. Það þarf ekki að fjölyrða um það að reglurnar hafa haft þessi skilyrði í heiðri en 400 ára



Ekki slæmir borðfélagar.

afmælis gjafar Jakobs I er minnst nú í ár. Meðal annars heimsótti Elísabet II Englandsdrottning reglurnar síðastliðið vor til að kanna hvort þessi 400 ára gömlu skilyrði hefðu verið uppfyllt. Eftir rannsókn drottningar var niðurstaðan sú að svo hefði verið og fengu reglurnar afhend viðurkenningarskjöl því til staðfestingar.

### Íslenskur hryðjuverkamaður í hátíðarkvöldverði

Svo sem áður sagði hafa reglurnar verið að minnast gjafarinnar allt árið. Hjá „the Middle Temple“ náðu hátíðahöldin hámarki 30. október síðastliðinn á svokölluðum „Grand Day“ reglunnar. „the Middle Temple“ getur státað sig af hinni aldagömlu byggingu, „the Middle Temple Hall“, en bygging sem hýsir „the Inner Temple“ er ekki „nema“ frá 19. öld.

Ég var svo lánsöm að fá boð um að þátttöku í hátíðarkvöldverðinum 30. október síðastliðinn hjá „the Middle Temple“. Forseti reglunnar, sem kallast „Master Treasurer“, og kosinn er til árs í senn, bauð til kvöldverðarins 34 sérstökum boðsgestum. Jafnframt sátu kvöldverðinn um 200 aðrir gestir, reglubræður og laganemar sem voru að á leiðinni að verða barristerar.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um það að engir eru betri en Bretar í að heiðra og viðhalda fornum hefðum. Enskir dómara og barristerar eru til dæmis í miklu flottari skikkjum við málflutning en við og svo eru þeir með hárkollur, sem sjálfsagt a.m.k. sumir karlkynskollegar mínir myndu fagna.

Boðskortið í hátíðarkvöldverðinum var mjög formlegt og barst mér í marsmánuði síðastliðnum. Mér varð síðan ekki um sel þegar ég renndi augum yfir gestalistann, allir virtust hafa titla á undan nafninu sínu. Það var Lord eða Lady hitt og þetta, Sir, Dame, the Right Honorable, auk þess sem lögreglustjóri Lundúna-borgar var á listanum, einn flugmarskalkur og þýskur greifi. Þórunn Guðmundsdóttir hljómaði ósköp flatt og „án titils“. Svo var ég íslenskur hryðjuverkamaður í þokkabót og það í miðri Icesave deilunni við Breta. Allar áhyggjur mínar af því að ég yrði fyrir aðkasti vegna þjóðernis reyndust tilhæfulausar. Að sjálfsögðu voru gestirnir allir saman gildir íhaldsmenn og þeim er jafnvel enn verr við Gordon Brown en okkur Íslendingum. Mér leið strax vel. Á boðskortinu var tekið fram að klæðast skyldi „white tie with decorations“ eða kjólfötum með orður. Engar átti ég orðurnar og taldi að verðlaunapeningur fyrir

að lenda í fjórða sætinu í Flóahlaupinu forðum daga væri sennilega ekki viðeigandi. Fyrir utan það að medalían fór ekki nógu vel við kjólinn sem ég var í. Það var hliðarhalli á sumum veislugesta, svo mjög svignuðu þeir undan orðunum. „Blingið“ hjá „gangsta-röppurum“ í New York var ekkert við hliðina á því sem þessir náungar voru með.

### Serimóníur og Sunnusalur

Þegar gengið var í salinn tók á móti manni stallari í skósiðri skikkju með mikinn silfurskjöld framan á sér og atgeir einn mikinn í hendinni. Atgeirinn var keyrður í gólfíð í þrígang og svo var tilkynnt hver væri að ganga í salinn. Reglulega gerði stallarinn hlé á málsverðinum með því að keyra atgeirinn í gólfíð svo unnt væri að fara með borðbæn, skála fyrir drottningunni, fjölskyldu hennar, o.fl. Eitt sinn var skálað fyrir „domus“, það þýddi að skálað var fyrir fjarstöddum reglubræðrum, þ.e.a.s þeim sem sátu heima. Þá voru við og við þeyttir lúðrar, langir og mjóir, sem ég hélt að aðeins væri til sem leikmunir í kvikmyndum sem gerast eiga á miðöldum. Vínkjallari „the Middle Temple“ er þekktur fyrir að geyma hreinar gersemar og þar er engin frýsting inneigna heldur er reglulega tekið út.

Þátttakendur í kvöldverðinum virtust hafa mjög gaman af serimóníunum. Þeir tóku sjálfa sig mátulega hátíðlega og gerðu góðlátlegt grín að öllu saman með góðum breskum húmor. Ekkert var hins vegar eins fjarri þeim og að fella þessar hefðir og venjur úr gildi. Þetta kvöld var verið að halda í heiðri mörg hundruð ára gamlar hefðir, í aldagömlu húsi. Allt var þetta gert áreynslu- og tilgerðarlaust. Í þessu umhverfi var þetta við hæfi. Þetta hefði ekki hins vegar alls ekki passað á aðalfundi LMFI í Sunnusalnum á Hótel Sögu.



Hjördís Halldórsdóttir, hdl.

# Eilífðardeilumál lögmannna og dómara

Í lok nóvember ávarpaði Hjördís Halldórsdóttir, varaformaður Lögmannafélags Íslands, aðalfund Dómarafélags Íslands. Meðal annars ræddi Hjördís um málskostnaðarákvarðanir í einkamálum og verður sá kafli ræðunnar birtur hér. Ræðan í heild sinni er birt á heimasíðu LMFÍ.

Hjördís sagði málskostnaðarákvarðanir í einkamálum eilífðardeilumál lögmannna og dómara og taldi upp þá gagnrýni sem lögmennt hafa komið á framfæri:

„Í fyrsta lagi eru málskostnaðarákvarðanir ekki eða lítt rökstuddar. Það skýtur skökku við að hluti af dómsúrlausn sé í engu rökstuddur og fer í sjálfu sér gegn 1. mgr. 114. gr. laga um meðferð einkamála, þar sem segir að forsendur skuli fylgja dómsorði. Málskostnaður er ein af kröfum aðila máls og því þurfa forsendur að liggja til grundvallar þeim hluta dómsorðs sem þá kröfu varðar, eins og aðrar kröfur.

Í öðru lagi er umtalsvert misræmi á milli dómara í málskostnaðarákvörðunum þegar mál ganga til efnisdóms.

Í þriðja lagi endurspeglar málskostnaðarákvarðanir í frávísunarmálum ekki að á því stigi hefur málið meira og minna verið unnið, lögmaðurinn hefur þá skilað mestum hluta vinnu sinnar. Málflutningur til efnisdóms er ekki meginþorri vinnu lögmannsins.

Í fjórða lagi þá telja lögmennt það mikið álitaefni hvort málskostnaðarákvarðanir samrýmist fyrir mælum 21. kafla laga um meðferð einkamála. Eru menn þá aðallega að hugsa um ákvæði 1. mgr. 130. gr. laganna sem mælir fyrir um að sá sem tapi máli í öllu verulegu skuli að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað.

Nú er það svo að lögmennt skila alla jafna málskostnaðarreikningum við aðalmeðferð. Það sem meira er þá

skila margir lögmennt einnig útprentun úr rafrænu bókhaldskerfi, sem sýnir einnig innborganir frá umbjóðandanum. Þrátt fyrir þetta víkja dómara í flestum tilvikum verulega frá umkröfðum málskostnaði, líka í þeim málum sem annar aðilinn tapar því í öllu verulegu.

Þá vaknar sú spurning hvort það samrýmist fyrir nefndu lagaákvæði. Það stenst varla sérstaklega ef litið er til 3. mgr. 130. gr. laganna, sem mælir fyrir um tilvik þar sem dæma má aðila til að bera hluta málskostnaðar. Með öðrum orðum vaknar sú spurning; hvers vegna ætti að mæla fyrir um það í 3. mgr. hvenær dæma má aðila til að bera hluta málskostnaðar, ef það felst ekki í 1. mgr. að dæma skuli aðila til að bera allan málskostnað gagnaðila síns?

Þá má líka velja því fyrir sér hvers vegna dómara víki alla jafna verulega frá umkröfðum málskostnaði. Ég hef í störfum mínum heyrt því fleygt að dómara telji sig með þessu hafa áhrif á málafjölda fyrir dómstólunum. Hér er þó rétt að benda á að sú háttsemi ynni beinlínis gegn reglunni um aðgang borgaranna að dómstólum, auk þess sem lög mæla ekki fyrir um þess konar hlutverk dómara.

Ég hef líka heyrt því fleygt að einhverjir dómara telji umkrafinn málskostnað hafa einfaldlega verið hærrí en lögmennt ættu að fá greiddan. Dómara séu því með þessu að tempra einhvern veginn hvað lögmennt fái greitt fyrir sína vinnu.

Það viðhorf er mjög alvarlegt - hinn kaldri sannleikur er að í öllum grundvallaratriðum hafa málskostnað



aðarákvarðanir í einkamálum engin áhrif á gjaldtöku lögmannna sem vinna í þessum málum, hvorki á tíma-  
gjaldið né fjölda tíma sem rukkaður er.

Málskostnaðarákvarðanir breyta því ekki hvað lög-  
menn fá greitt fyrir sína vinnu, heldur því einu hvað  
umbjóðendur þeirra, sem þó vinna mál í öllu verulegu,  
sitja uppi með mikið af málskostnaðinum.

Það viðhorf að dómara séu með einhverjum hætti að  
tempra hvað lögmennt fá greitt fyrir sína vinnu, ef það  
er á annað borð til staðar, byggist því á grundvallar-  
misskilningi um viðskipti lögmannna og umbjóðenda  
þeirra, og þá jafnframt á tilurð og tilefni gagnrýni  
lögmannna á málskostnaðarákvarðanir í einkamálum.

Það eru önnur atriði en málskostnaðarákvarðanir sem  
ráða gjaldtöku lögmannna, það er að segja rekstrar-  
kostnaður og arðsemiskröfur hvað tímagjaldið varðar og  
umfang málsins hvað tímafjöldann varðar.

Hvað tímagjald lögmannna varðar vil ég sérstaklega  
benda dómurum á, að til að hafa einhvern samanburð  
við eigin störf, mættu þeir að ósekju afla sér upplýsinga  
um hvað kostar að reka þann dómstól sem þeir starfa  
hjá, ekki bara þeirra eigin laun, heldur allur rekstrar-  
kostnaður, svo sem húsnæðiskostnaður, laun aðstoðar-  
manna og ritara, bókhaldskostnaður, tölvukostnaður og  
hvað annað sem til þarf.

Ímynda sér svo að dómara séu þeir starfsmenn  
dómstólsins sem hafi stöðu lögmannsins, s.s. að þeirra  
vinna sé sú sem sé útseld, og deila svo öllum þessum  
rekstarkostnaði á þann hluta vinnustunda dómara sem  
fer beinlínis í vinnu við meðferð dómsmála.

Hvert ætli slíkt ímyndað tímagjaldið yrði þá? Ætli það  
yrði sambærilegt eða jafnvel margfalt hærra en tímagjald  
lögmannna? Og þá erum við ekki einu sinni farin að  
hugsa um ásættanlega arðsemiskröfu sem allur  
einkarekstur grundvallast á.

Ég hef líka heyrt því fleygt að þessi framkvæmd  
byggist á þeirri réttarpólitísku skoðun að krafan um að  
aðilar komist skaðlausir frá dómsmálum eigi ekki rétt á  
sér. Hér sé um að ræða áhættu sem sé hluti af venjulegu  
lífi. Ég get vel skilið það sjónarmið sem og fleiri lögmennt.  
Það breytir því þó ekki að þetta er ekki það viðhorf sem  
birtist í lagatextanum, og þá vakna upp enn aðrar  
spurningar og annað eilífðardeilumál, það er að segja  
um það sem sumir kalla lagasetningarvald dómara.

Ágætu dómara.

Lögmannafélagið ákvað fyrr á þessu ári að gera eitt-  
hvað meira heldur en að kvarta bara sífellt undan máls-  
kostnaðarákvörðunum. Félagið sendi Dómstólaráði bréf  
í síðustu viku og óskaði eftir því að settar yrðu leið-  
beiningarreglur um málskostnaðarákvarðanir.

Fyrirmyndin af þessari lausn eru þær viðmiðunarreglur

sem hafa verið í gildi um árabíl um málsvarnarlaun í  
opinberum málum og þóknun fyrir réttargæslu brota-  
þola í slíkum málum.

Þrátt fyrir að lögmennt séu ekki á einu máli um rétt-  
mæti slíkra reglna eða þær fjárhæðir sem notast er við  
sem tímagjald, þá eru félagsmenn sem stunda störf á  
þessu sviði almennt sammála um að tilkoma þessara  
reglna hafi leitt til mun betra vinnulags og meira sam-  
ræmis í ákvörðunum héraðsdómstólanna. Verður því að  
líta svo á að setning þessara reglna hafi verið mikið  
framfaraspor og því leyfði stjórn Lögmannafélagsins sér  
að ljá máls á því að leiðbeiningarreglur yrðu einnig  
teknar upp við ákvörðun málskostnaðar í einkamálum.

Með smíði leiðbeinandi reglna um ákvörðun máls-  
kostnaðar telja lögmennt að tryggja mætti betur samræmi  
milli málskostnaðarákvarðana í sambærilegum málum  
og auka megi gagnsæi kostnaðar við málsmeðferð fyrir  
dómstólum landsins.

Það er einlæg von stjórnar Lögmannafélagsins að  
þessi málaumleitun fái athygli og umræður sem skyldi í  
ykkar ágæta hópi.“

**RENATA ERLENDSSON**  
löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi  
certified translator & court interpreter

**ÞÝSKA- ENSKA- RÚSSNESKA**  
**GERMAN - ENGLISH - RUSSIAN**



**Renata ehf, þýðingar og túlkun**  
Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík  
E-mail: [renata@tv.is](mailto:renata@tv.is)

Símar: 557 2830 h • 562 2562 v  
GSM: 898 0904 • Fax: 562 2517

# Veist að þagnarskyldu lögmannna

Nýlega fengu lögmennt senda ítarlega umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Þar gerir laganefnd alvarlegar athugasemdir við frumvarpið og telur að þrátt fyrir háleit markmið um að rannsóknarnefnd skuli finna sannleikann, þá megi ekki tefla í tvísýnu grundvallarmannréttindum samkvæmt stjórnarskránni og mannréttindasáttmála Evrópu. Umsögn laganefndar er í heild sinni á heimasíðu LMFÍ en hér verður þeim kafla umsagnarinnar sem fjallar um þagnarskyldu lögmannna gerð skil.

## Afnám þagnarskyldu brot gegn stjórnarskrá

Laganefnd LMFÍ gerir alvarlegar athugasemdir við að vikið sé undantekningarlaust frá þagnarskylduákvæðum laga. Í framkomnu frumvarpi er að finna ákvæði sem skyldar sérhvern þann sem krafinn er um upplýsingar að afhenda rannsóknarnefnd þær, enda þótt þær séu háðar þagnarskyldu. Þagnarskylduákvæði í lögum eru oftast lögfest til staðfestingar stjórnarskrárvörðum réttindum. Með því að afnema þagnarskyldu undantekningalaust í öllum tilfellum er næsta víst að frumvarpið brjóti gegn ákvæðum stjórnarskrár. Þar að auki brýtur frumvarpið í óbreyttri mynd gegn meginreglunni um stjórnskipulegt meðalhóf.

## Mannréttindi sakborninga

Þá gerir laganefnd alvarlegar athugasemdir við það að skylda til að láta nefndinni í té upplýsingar sé yfirstærkari þagnarskylduákvæði lögmannalaga. Samkvæmt frumvarpinu er einstaklingi heimilt að neita að svara spurningum nefndarinnar ef svar hans felur í sér viðurkenningu á sök. Það ákvæði frumvarpsins yrði með öllu merkingarlaust ef nefndin gæti þá snúið sér að lögmanni sama einstaklings og krafði hann svara við sömu spurningum.

Samkvæmt 22. gr. nr. 77/1998 ber lögmaður þagnarskyldu um hvaðeina sem honum er trúað fyrir í starfi sínu. Sú skylda að gæta trúnaðar er slíkur hornsteinn réttinda sakborninga að ef hún er fyrir borð borin væri gróflega brotið gegn mannréttindum þeirra. Með afnámi þagnarskyldu lögmannna er þeim gert ókleift að sinna starfi sínu og er beinlínis gert, að viðlagðri allt að tveggja ára fangelsisrefsingu, að brjóta mannréttindi á skjólstæðingum sínum. Með þessu er einnig vegið að mjög mikilvægri stoð réttarríkisins sem er trúnaðarsamband lögmanns og skjólstæðings. Ef frumvarpið yrði óbreytt að lögum væri líklegt að íslenska ríkið teldist brjóta gegn ákvæði 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu þar sem sakborningum væri ekki lengur tryggð réttlát málsmeðferð fyrir dómi.

Þagnarskylda lögmannna og trúnaðarsamband við skjólstæðinga sína er fyrst og fremst til staðar til að verja mannréttindi en ekki í þeim tilgangi að aðstoða sakamenn til að hylja yfir meintan glæp. Þar með eru stoðir dómskerfisins varðar en réttarvörslukerfi þar sem vikið er frá og brotið gegn mannréttindum er einskis virði.

E.I.



## -í símann á meðan þú vinnur.

Þjónusta Símaversins er:

- Að annast símsvörur fyrir fyrirtæki.
- Símasala.
- Kynna vöru og þjónustu og bóka kynningarfundir.
- Fylgja eftir markpósti.
- Önnur þjónusta sérsníðin að óskum viðskiptavina.

Símaverið ehf., Póllgötu 2 400 Ísafirði. Sími 450 5500, fax 450 5501  
heimasíða [www.simaverid.is](http://www.simaverid.is), netfang [simaverid@simaverid.is](mailto:simaverid@simaverid.is)

# Næstu námskeið LMFÍ

## Ný lög um meðferð sakamála

Þann 1. janúar 2009 taka gildi ný lög um meðferð sakamála. Á fyrsta hluta námskeiðsins í janúar verður farið yfir helstu nýmæli laganna sem varða lögmennt sérstaklega. Í febrúar og mars verður svo farið ítarlega yfir hlutverk verjanda, réttindi hans og skyldur, svo og réttindi og skyldur réttargæslumanns brotþola, í ljósi nýju laganna og nýlegrar dómaframkvæmdar.

**Kennari** Eiríkur Tómasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

**Staður** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

**Tími** **Alls 11 klst. Fimmtudagur 15. janúar kl. 16:00-18:00 og Þriðjudagarnir 24. febrúar, 3. mars og 10. mars 2009 kl. 16:00-19:00.**

**Verð** kr. 45.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 41.000,-

## Kaup og sala fyrirtækja

Farið verður yfir aðdraganda og undirbúning við kaup og sölu fyrirtækja. Hver er nýting áreiðanleikakönnunar, forsendur, réttindi og skyldur kaupanda eða seljanda. Einnig verður fjallað um yfirtöku á skuldbindingum, skjalagerð og fleira.

**Kennari** Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir hrl. hjá Lex.

**Staður** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

**Tími** **Þriðjudagur 20. janúar 2009 kl. 16:00-19:00.**

**Verð** kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,-

## Lestur og greining ársreikninga

Á námskeiðinu verður farið yfir uppbyggingu ársreikninga og grunnreglur bókhalds. Kynntar verða aðferðir og tekin raunhæf dæmi við greiningu ársreikninga, þ.m.t. kennitölugreiningu. Farið verður yfir vísbendingar um rekstrarstöðvun og gjaldþrot fyrirtækja og velt vöngum um hvenær beri að segja félag til gjaldþrotaskipta. Enn fremur verður farið yfir mikilvægi áritana stjórnenda og endurskoðenda og ábyrgð þeirra. Að loknu námskeiði ættu þátttakendur að geta lagt mat á fjárhagsstöðu félags út frá reikningum og kennitölugreiningu auk þess að geta beitt öðrum aðferðum við mat á því.

**Kennari** Árni Tómasson, löggiltur endurskoðandi.

**Staður** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

**Tími** **Alls 6 klst. Þriðjudagur 27. janúar og 3. febrúar 2009 kl. 16:00-19:00.**

**Verð** kr. 25.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 20.000,-

Skráning á heimasíðu félagsins:  
[www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

# Skjalatætarar eru öryggistæki

Örugg eyðing, ólæsilegar og órekjanlegar upplýsingar

**IDEAL** er öruggt merki



IDEAL  
3803

### Ný kynslóð af pappirstæturum.

Pappirstætarar í miklu úrvali, allt frá litlum tæturum við skrifborðið að afkastamiklum skrifstofutæturum

Öryggisbúnaður, rafræn stýring

Hárbeittir tætarahnífar úr vönduðu stáli, 5 ára ábyrgð

Hljóðlátir en öflugir mótórar

### IDEAL 3803

Öflugur skjalatætarei fyrir skrifstofuna

Breidd inntaks 380 mm  
Rúmtak geymslu 160 lítrar



IDEAL  
AL1

### NÝTT

#### IDEAL AL1

Pappirstætarei með fágúðu útliti, hljóðlátur

Breidd inntaks 240 mm

Rúmtak geymslu 25 lítrar

**Þjófum fleiri gerðir og stærðir**

Lögmenn!  
15% afsláttur  
til ykkar

CE IDEAL lýtur evrópskum gæðastaði í framleiðslu skjalatætara.

# hvítlist

Krókhálsi 3 569-1900



# Framsækni og framkoma



Sigríður Arnardóttir.

**Pann 21. nóvember 2008 stóð Félag kvenna í lögmennsku ásamt Félagi kvenna í endurskoðun fyrir námskeiði sem bar yfirskriftina „Þjálfun í framsækni fyrir þig og fyrirtæki þitt“.**

Umsjón með námskeiðinu hafði Sigríður Arnardóttir, sem margir

þekkja betur undir nafninu Sírý, en hún hefur áratuga reynslu af því að starfa við fjölmiðla. Sírý starfar nú sem ráðgjafi í almannatengslum. Henni til aðstoðar var Dúi J. Landmark kvikmyndatökumaður. Námskeiðið var haldið í Turninum við Smáratorg í Kópavogi, nánar tiltekið á 19. hæð en þar fengu þátttakendur í kaupbæti frábært útsýni og ljóm- andi góðan mat.

Gott samband myndaðist með þátttakendum sem höfðu mismikla reynslu af því að koma fram í fjölmiðlum. Sírý fór með lifandi og skemmtilegum hætti í gegnum það hvernig hægt er að ná athygli áheyr- enda, hver sé lykillinn að góðri tækifærisræðu, tækni við örugga sviðsframkomu og samskipti við fjölmiðla svo eitthvað sé nefnt. Þátttakendur fengu að spreyta sig á því að koma fram en afraksturinn var síðan tekinn upp á myndband.

Sírý gerði gott betur en að leiðbeina með tæknileg atriði, hún hafði margt annað til málanna leggja og sýndi með skemmtilegum hætti hvað jákvæðni, einlægni og ekki síst bros skiptir miklu máli í mannlegum samskiptum. Minnti hún m.a. á hvað það getur breytt miklu að kunna að þakka fyrir allt það góða sem við eigum.

Almenn ánægja var meðal þátttakenda með fyrirkomulag námskeiðsins og alla umgjörð. Því lauk með hátíðlegu borðhaldi á 19. hæð þar sem þátttakendur skiptust á að taka til máls og láta ljós sitt skína. Var það samróma álit allra að vel hafi tekist til. Þátttakendur fóru heim af námskeiðinu ríkari en þeir komu og þá var tilganginum náð.

*Þórdís Bjarnadóttir hdl. og Margrét Gunnlaugsdóttir hdl.*

## Af vettvangi félagsins

### Ný innheimtulög

Pann 1. janúar n.k. taka gildi sérstök innheimtulög nr. 95/2008, sem ætlað er að gilda um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna, annarra en skatta og opinberra gjalda eða krafna sem innheimtar eru á grundvelli réttarfarslaga. Á sama tíma tekur gildi reglugerð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laganna og hámark innheimtukostnaðar. Laganefnd Lögmannafélagsins skilaði ítarlegri umsögn um innheimtulagafrumvarpið, sem hægt er að lesa á heimasíðu félagsins, en félaginu var hins vegar ekki gefinn kostur á því að tjá sig um inntak reglugerðarinnar meðan hún var í vinnslu í viðskiptaráðuneytinu þrátt fyrir að ítrekað væri eftir því gengið.

Ljóst er að nýju lögin munu hafa umtalsverð áhrif á vinnu við frum- og milliinnheimtu en ekki á formlega lögfræðiinnheimtu þar sem hún er undanskilin í lögunum.

Samkvæmt 15. gr. laganna annast Fjármálaeftirlitið almennt eftirlit með framkvæmd þeirra en úrskurðar- nefnd lögmannna fer með úrskurðarvald gagnvart lögmonnum á grundvelli laga um lögmennt. Eftirlitsaðilum er gert að samræma verklagsreglur sínar en félagið vinnur nú að þessum reglum í samráði við Fjármálaeftirlitið.

# Viðskiptalífið þarfnast öflugra lögfræðinga. Sérhæft laganám skapar forskot.

 Bryndís Hlökkversdóttir  
forseti lagadeildar



WWW.BIFRÖST.IS

## Meistaránám í lagadeild

ML Í LÖGFRÆÐI  
MA Í SKATTARÉTTI

Meistarapróf í lögum frá Háskólanum á Bifröst opnar leiðir á öllum sviðum hefðbundinnar lögfræði, sérstaklega þó á fyrirtækja- og fjármálamarkaði. Í lagadeild Háskólans á Bifröst er boðið upp á tvenns konar meistaránám. Annars vegar 60 eininga nám til ML gráðu sem veitir aukna fræðilega þekkingu á lögfræði, auk þjálfunar í lögmannsstörfum og ráðgjöf. Að náminu

loknu öðlast nemendur rétt til að þreyta próf til málf lutningsréttinda. Hins vegar er boðið upp á 45 eininga MA nám í skattarétti. Námið er undirbúningur fyrir vinnu við skattamál hjá hinu opinbera, í bönkum, hjá ráðgjafafyrirtækjum og víðar.

Meistaránám í lagadeild er eftirsóknarvert framhaldsnám sem veitir fjölbreytta starfsmöguleika.

### VIÐSKIPTAÐEILD

- BS í viðskiptafræði
- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

### FÉLAGSVÍSINDAÐEILD

- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum

### LAGAÐEILD

- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY



# VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA  
SUDURLANDSBRAUT 4A  
108 REYKJAVÍK  
[www.tcm.is](http://www.tcm.is)